

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

4. desember 2025
UOS2511113/R.S.

Umsögn – Matsskyldufyrirspurn – Endurbræðsla áls, framleiðsluaukning í steypuskála Rio Tinto

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofnagreinda matsskyldufyrirspurn.

Rio Tinto áformar að kaupa inn hreinan fastmálm, ál, frá öðrum framleiðendum og endurbræða í steypuskála sínum til að nýta betur þann búnað sem er til staðar, en afkastageta málmsteypunnar er allt að 280.000 tonn á ári á meðan að Rio Tinto hefur heimild samkvæmt starfsleyfi til að framleiða allt að 230.000 tonn af áli á ári í kerskálum fyrirtækisins. Ekki er nein þörf á byggingarframkvæmdum vegna framleiðsluaukningar steypuskálans þar sem fullnýta á þá framleiðslugetu sem þegar er til staðar í steypuskálanum.

Losun í loft

Í matskyldufyrirspurninni kemur fram að um 1,5% aukning verði í losun CO₂ frá álverinu vegna aukinnar brennslu á própangasi vegna breytingarinnar, en losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) mun einnig aukast vegna þessa. Þá verði einnig aukin losun ryks í samræmi við umfangið en að ryklosun verði þó áfram innan marka starfsleyfisins. Engar breytingar verða á losun brennisteinsoxíðs og flúoríðs. Dreifireikningar hafi verið gerðir til að meta áhrifin á loftgæði og hafi þeir sýnt að breytingar á loftgæðum í umhverfi ISAL eru vart merkjanlegar.

Umhverfis- og orkustofnun telur að þær breytingar sem verða á losun í loft séu litlar samanborið við þá losun sem að kemur nú þegar frá fyrirtækinu. Flúoríð og brennisteinsoxíð losna ekki við endurbræðslu og steyping áls. Starfsleyfi Rio Tinto hefur verið endurskoðað með tilliti til BAT-niðurstaðana vegna iðnaðar með járnlausan málm, en umrædd breyting fellur undir þær BAT-niðurstöður. Sú aukning sem verður á losun ryks frá steypuskálanum þarf að vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfi Rio Tinto fyrir losun frá steypuskála en þau mörk eru byggð á ofangreindum BAT-niðurstöðum.

Niðurstaða

Að teknu tilliti til umfangs og eðlis ofangreindar breytingar er það mat Umhverfis- og orkustofnunar að breytt framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Rakel Sæmundsdóttir

teymi leyfa og umsagna

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymi leyfa og umsagna